

Nd.

461. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá Jóhanni Hafstein.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur eða tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein. Heimilt er og ráðherra, með samþykki landlæknis, að veita mönnum, er lokið hafa tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækna í þeim héruðum, sem eru tannlæknislaus. Nú sezt tannlæknir að á stað, þar sem tannsmíður starfar samkvæmt hér um ræddu leyfi, og fellur þá þetta leyfi úr gildi, en tannsmíðurinn skal eiga rétt á að ganga fyrir öðrum um atvinnu við tannsmíðar hjá þeim tannlækni.